

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um flutning Einholtskirkju. — 1

Samkvæmt ósk safnaðarins í Einholtssókn í Austurskaptafellsprófastdæmi, er 17. jan. hlulaðeigandi hjeradsfundur hefir fallizt á, og eptir tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. þ m., vil jeg hjermeð samkvæmt lögum nr. 3 frá 27. febrúar 1880, 4. gr., sbr. lög nr. 5 frá sama degi, 12. gr., veita samþykki mitt til þess að sóknarkirkja nefnds safnaðar, sem nú er í Holtum, verði flutt að Slindurholti.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og nauðsynlegar ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lán handa (Húsavíkur) prestakalli. — 2

Samkvæmt beiðni prestsins að Húsavík í Suðurþingeyjarprófastsdæmi, síra Jóns Arasonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, 25. jan. herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 21. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 500 króna embættislán upp á prestakallið, gegn veði í tekjum þess, til þess að leggja járnþak á 2 bæjarhús prestssetursins, járnverja öll þil þeirra og sömuleiðis timburgafl þriðja hússins, baðstofunnar. Ennfremur er lántökuleysi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum, auk vaxta, á 15 árum samfleytt frá lántökudegi að telja, að helmingur lánsins verði eigi greiddur fyr en sannað er með áreiðanlegum skilríkjum, að hin framangreinda húsabót sje framkvæmd í alla staði vel og tryggilega, að bárujárn sje viðhaft, bæði á þiljum, þökum og gaffi, og sje járnid á þökunum eigi þynnra en nr. 24, og þannig frá verkinu gengið, að kulda leggi ekki inn í húsin, sem valdi slaga og spillingu á viðum; að húsabótin verði eign prestakallsins, og að hlutaðeigandi prestur tryggi húsin fyrir eldsvoða að minnsta kosti fyrir 1000 kr., og haldi þeim ávallt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts.

Þess skal að endingu getið, að jeg hefi veitt framannefnt lán úr lands-sjóði, og skrifað landfógeta það, er nauðsynlegt er þar að lútandi.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að því viðbættu að jeg býst við að þjer hafði eptirlit með því að hin fyrirætlaða húsabót sje framkvæmd.

4. dag febrúarm. 1899.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.